

Nr. 34.  
2.  
nóvbr.

## L ö g

um breyting á 6. gr. í lögum nr. 86, 22. nóv. 1907, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

6. gr. í lögum 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík orðist svo:

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert, skal samin áætlum um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár, samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið hefir samþykkt, og skal henni fylgja yfirlit yfir afgang og halla í einstökum liðum síðasta reiknings. Í áætluninni skal talin sem sjerstakur tekjuliður jafnmikil upphæð eins og tekjuafgangur sá nam, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður. Einnig skal taka í áætlunina sem sjerstakan gjaldalið jafn mikla upphæð eins og tekjuhalli sá nam, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður en áætlunin var samin, nema tekjuhallinn stafi af kostnaði, sem upphaflega var ákveðið að greiða skyldi með lánsfje. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfis mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í desembermánuði ár hvert. —

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*